

FYRIRMÆLI

vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

1. gr.

Markmið.

Markmið með fyrirmælum þessum er að bæta öryggi við köfun og yfirborðsköfun í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Til að ná því markmiði eru settar tilteknar reglur um starfsemi þeirra sem bjóða upp á ferðaþjónustu í köfun og yfirborðsköfun í þjóðgarðinum sem og þeirra sem kafa þar á eigin vegum.

Þingvallanefnd ákveður á hverjum tíma hvar köfun og yfirborðsköfun er heimil í þjóðgarðinum.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Köfun og yfirborðsköfun er ætíð á eigin ábyrgð. Óheimilt er að kafa einn síns liðs í Silfru og skulu kafarar kynna sér vel aðstæður og þær reglur sem gilda um köfun í Silfru og almennar umgengisreglur í þjóðgarðinum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með hugtakinu yfirborðsköfun er átt við allar aðrar athafnir manns sem fara fram á yfirborði og/eða undir yfirborði vatns óháð búnaði sem fellur ekki undir 2. gr. laga um köfun nr. 31/1996.

4. gr.

Almenn fyrirmæli.

Ferðaþjónustufyrirtæki sem selja ferðir í köfun í þjóðgarðinum á Þingvöllum skulu uppfylla öll opinber skilyrði fyrir rekstri ferðaþjónustu og hafa nauðsynleg leyfi og tryggingar í gildi fyrir slíkri ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustufyrirtæki skulu hafa öryggis- og viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af Siglingastofnun Íslands.

Kafarar í Silfru skulu á hverjum tíma ekki vera fleiri en 8 að grynningum skilgreindum á korti í fylgiskjali.

Gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en 4 hverju sinni við köfun í Silfru.

Gestir með hverjum leiðsögumanni skulu ekki vera fleiri en 8 hverju sinni við yfirborðsköfun í Silfru.

Ekki er heimilt að kafa dýpra en 18 metra í Silfru.

Köfun í hella, ranghala og göng er bönnuð.

Þeir sem kafa á eigin vegum þurfa að vera með alþjóðlega viðurkennd réttindi sem áhugakafarar og framvísa skírteini þar um, sbr. staðal EN 14153-2/ISO 24801-2 (Autonomous Diver - Áhugakafari).

5. gr.

Öryggiskröfur og búnaður.

Leiðsögumaður ferðaþjónustufyrirtækis skal hafa þjálfun sem uppfyllir staðalinn EN 14153-3/ISO 24801-3 (Dive Leader – Fararstjóri í áhugaköfun/köfun). - Hæfniskröfur fyrir áhugakafara á 3. stigi með sjálfbyrgan köfunarbúnað (Scuba) eða hærri gráðu til að mega leiðsega í köfunarferðum (köfun og yfirborðsköfun) í þjóðgarðinum á Þingvöllum og vera a.m.k. handhafi F-köfunarskírteins skv. reglugerð um köfun nr. 535/2001, með síðari breytingu nr. 762/2012.

Leiðsögumenn hópa í köfun og yfirborðsköfun á vegum ferðaþjónustufyrirtækis í þjóðgarðinum á Þingvöllum verða að hafa náð 20 ára aldri. Leiðsögumenn skulu vera auðkenndir.

Ef ferðaþjónustufyrirtæki fer á sama tíma með hóp í köfun og yfirborðsköfun skal a.m.k. einn leiðsögumaður fylgja hvorum hópi í vatninu enda þótt hámarksfjöldi gesta með hverjum leiðsögumanni, sbr. hér að framan, sé ekki náð.

Ekki má synda fyrir ofan kafara við köfun.

Gestir í yfirborðsköfun og köfun skulu vera í heilgalla, þurrdragt, blautdragt, með hettu, hanska, fit og með annan viðeigandi búnað. Tryggja skal sýnileika gesta í yfirborðsköfun.

Leiðsögumenn í yfirborðsköfun og köfun skulu vera í þurrdragt eða blautdragt með fit og annan viðeigandi búnað.

Köfunarbúnaður skal uppfylla kröfur íslenskra laga og reglugerða þar að lútandi.

Köfunarbúnaður skal vera viðurkenndur til notkunar í köldu vatni.

Ferðaðþjónustufyrirtæki skulu meta reynslu og þekkingu kafara til köfunar í þurrbúningi.

Ferðaðþjónustutæki skal ganga úr skugga um að þeir sem kafa séu með alþjóðlega viðurkennd réttindi sem áhugakafarar og framvísi skírteini þar um, sbr. staðal EN 14153-2/ISO 24801-2 (Autonomous Diver – Áhugakafari).

Leiðsögumenn ferðaðþjónustufyrirtækja skulu hafa lokið viðurkenndu námskeiði í vettvangs-hjálpi.

Öll ferðaðþjónustufyrirtæki skulu hafa súrefnisgjafabúnað og almennan skyndihjálparútbúnað sem hluta af búnaði sínum á staðnum bæði í köfun og yfirborðsköfun.

6. gr.

Öryggisbúnaður.

Þeir sem bjóða upp á ferðaðþjónustu í köfun í þjóðgarðinum skulu hafa eftirfarandi öryggisbúnað tiltækan:

Súrefnisgjafartæki.

Tækið skal uppfylla þau skilyrði að hægt sé að gefa tveim sjúklingum súrefni í 60 mínútur, miðað við 100% súrefnisgjöf á 15 l/min flæði, (15 l/min x 60 mínútur x 2 kafarar) samtals 1800 lítrar eða 1800/200 bar = 9 lítra hylki. Rýmd súrefnisloftlindarinnar miðast við viðbragðstíma almennrar neyðarþjónustu til að komast til Þingavalla, 50 mínútur.

Öryggisskæri.

Hver leiðsögumaður skal hafa á sér öryggisskæri (EMT EMS Style All-Purpose Scissors / EMS Safety shears).

Leitarbúnað.

Á hverjum tími skal skipuleggjandi köfunarferðar hafa til reiðu búnað til að geta hafið tafarlausa leit neðan yfirborðs. Búnaðurinn er að lágmarki:

Auka loftlind til köfunar.

Rýmd loftlindarinnar skal tryggja nægt loftmagn til 20 mínútna köfunar á hámarksdýpi köfunarsvæðisins og skal miða við 45 lítra loftnotkun á mínútu á yfirborði.

Kefli með línu (Dive reel) með 50 metra línu.

Neðansjávarljós.

7. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með fyrimælum þessum fer eftir 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996.

8. gr.

Gildistaka.

Fyrimæli þessi eru sett samkvæmt 4. gr. reglugerðar um köfun nr. 535/2001 og taka gildi 1. mars 2013.

Siglingastofnun Íslands, 12. febrúar 2013.

Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri.

Helgi Jóhannesson.

Fylgiskjal.

